

Styrkir úr Íþróttasjóði

HSH hvetur aðildarfélög til að sækja um í sjóðinn. Hægt er að fá aðstoð á skrifstofu HSH við umsóknaferlið

Menntamálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Íþróttasjóði sem starfar samkvæmt íþróttalögum [nr. 64/1998](#), sbr. [reglugerð nr. 803/2008](#). Veita má framlög til eftirfarandi verkefna á sviði íþróttar:



- Sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana.
- Útbreiðslu- og fræðsluverkefna.
- Íþróttarannsóknna.
- Verkefna samkvæmt [13. gr. íþróttalaga](#).

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi.

Eyðublað má finna á <http://umsoknir.menntamalaraduneyti.is/>

Sækja þarf um aðgang að umsóknaþef ráðuneytisins. Aðgengi er einungis gefið á kennitölur og er lykilorð sent til viðkomandi á netfang sem gefið er upp við nýskráningu.

Lykilorðinu má breyta eftir innskráningu með því að opna **Mínar stillingar**.

Umsækjendur skrá sig inn með kennitölu og lykilorði og velja menntamálaráðuneytið undir flípanum Umsóknir. Þar er umsóknaeyðublað fyrir íþróttasjóð. Svæði merkt rauðri stjörnu verður að fylla út. Umsækjendur geta fylgst með afgreiðslu umsókna sinna með því skrá sig inn á umsóknaþefinn.

Nánari upplýsingar veitir Valgerður Þórunn Bjarnadóttir í síma 545 9500 eða í tölvupósti á valgerdur.thorunn.bjarnadottir@mrn.stjr.is.

Umsóknarfrestur er til 1. október 2009.